ÁRSSKÝRSLA

Björgunarfélags Vestmannaeyja

Starfsárið
2014 – 2015

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2014-2015.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu atburði líðandi starfsárs Björgunarfélags Vestmannaeyja.
Þetta starfsár skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:
Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.
Varaformaður: Davíð Smári Hlynsson
Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.
Ritari: Arnór Arnórsson
Meðstjórnandi: Halldór Ingi Guðnason.
Varamenn í stjórn: Eyþór Þórðarson og Óðinn Benónýson.

Stjórn félagsins hélt á þessu starfsári 16 stjórnarfundi. Þetta starfsár er búið að vera nokkuð rólegt útkallslega séð, en þeim mun meira hefur verið að gera í húsinu okkar.

Ríkisstyrkurinn vegna björgunarskipsins Þórs var tryggður þetta starfsárið en á síðasta ári var undirritaður samningur um aukna fjármuni til SL frá ríkinu til viðhalds og endurnýjunar á bátum félagsins. Á síðasta aðalfundi var samþykkt 1 milljón kr. framlag frá BV til BBS.

Þrír stjórnarmenn tóku þátt í fulltrúaráðsfundi Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík við Flugvallarveg, fundurinn var fróðlegur í alla staði.

Tveir stjórnarmenn fóru á Bátasjóðsfundinn þetta árið.

Töluverður hópur fór frá okkur á Björguna og allir mjög sáttir við ráðstefnuna, einnig fór hópurinn saman í keilu eins og vanalega en úrslitin verða ekki rifjuð upp hér.

Ekki var farið í hálendisgæsluna þetta árið.

Í sumar byrjaði Reynir sem starfsmaður hjá okkur og svo með haustinu kom Adolf inn með honum og er búið að vera nóg að gera fyrir þá tvo.

Í tilefni 112 dagsins fór Reynir í Hamarsskólann og var með kynningu á starfi Björgunarfélagsins fyrir nokkra bekki.

Engin Torfæra var haldinn á eyjunni á þessu ári sem er miður en ástæða þess er sú að svæðið sem var notað hentar ekki lengur.

Fjáraflanir þetta starfsárið gengu mjög vel og er orðin nokkur rútína í þessum málum s.b flugeldasölu,neyðarkall,neyðarvara og eru þessar fjáraflanir í nokkuð góðum málum þó alltaf megi gera betur.

Eitt er það sem við verðum að fara að endurskoða, það er almenn umgengni um húsnæði og tæki hjá okkur. Þá á við um okkur öll og verður að verða hugarfarsbreyting hjá okkur, við verðum að fara að færa þessa umgengni uppá hærra stig og sýna eignum okkar þá virðingu að ganga almennilega um. Það er gríðalegir fjámunir í öllum okkar eignum og ekki okkur til framdráttar hvernig við höfum gengið um þessar eignir.

Landsæfing á sjó var haldin við Grindavík á þessu starfsári, 5 manns fóru á þór og 2 á lunda 3.

Árshátíðin var haldin í haust með pomp og prakt og þökkum við árshátíðarnefndinni kærlega fyrir okkur.

Samstarfið við skátafélagið Faxa hefur mátt ganga betur undanfarið ár. Þónokkrar mannabreytingar eru í deiglunni hjá Faxa og bindum við vonir okkar við aukið samstarf því þessi félög eru ekki ólík í grunnin.

Slysavarnadeildin Eykyndill og Björgunarfélag Vestmannaeyja hafa ávalt átt ánægulegt samstarf og á því var engin breyting á þetta árið. Ekki fyrir löngu seldist aðsetur þeirra í Básum. Þær fengu því að geyma töluvert af dóti hjá okkur sem og þær koma til með að funda í salnum okkar. Vonumst við til að þetta komi til með að auka enn frekar á gott samstarf okkar á milli.

Almannavarnir hafa haft aðstöðu í aðgerðaraðstöðunni hjá okkur og hafa nýtt aðstöðuna til funda fyrir almannavarnir, sem og þær æfingar sem hafa verið haldnar. En á þessu starfsári hélt Almannavarnarnefd engan fund og enga æfingu. Vonumst við til að með nýjum Lögreglustjóra aukist starfið í Almannavarnarnefnd.

Nokkur útköll hafa verið hjá okkur þetta starfsár og hafa þau verið nokkuð ólík. Við gerðumst frumkvöðlar í Bleiksárglúfri í stíflugerð, Sóttum vélarvana bát við landeyjahöfn og öklabrotna konu í Dalfjallið svo eitthvað sé nefnt.

Lítið var gert í Þór þetta starfsárið enda hann í þokkalegu standi eftir síðustu yfirferð. En til að minnast á eitthvað sem var gert í bátnum þetta árið var til dæmis skipt um aðvörunarkerfi í bátnum sem hringir núna í ákveðin númer ef eitthvað bjátar á.

Stjórnin þakkar félagsmönnum ánægjulegt samstarf á starfsárinu sem liðið er og vonast eftir áframhaldandi góðu starfi.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

BJÖRGUNARFÉLAG VESTMANNAEYJA

Nafn aðgerðar	Boð	Tímasetning	Svæði	Fjöldi	Þolendur
Bíll fastur á haugasvæði	F3 Hættustig	11.04.15 - 11:00 11.04.15 - 12:00	18	0/4	1
Aðstoða bíl vestan við Eldfell	F3 Þjónustuverkefni	04.04.15 - 16:00 04.04.15 - 16:15	18	0/4	2
Aðstoða bíl útá haugasvæði	F3 Þjónustuverkefni	01.04.15 - 16:00 04.04.15 - 17:02	18	0/3	1
Skutla manni um borð í Vigra RE-71	F3 Þjónustuverkefni	01.04.15 - 16:00 01.04.15 - 17:00	18	0/3	1
Óveðursaðstoð eyjar	F2 Hættustig	25.02.15 - 11:12 25.02.15 - 19:02	18	0/11	0
Óveðursaðstoð Eyjar	F3 Neyðarstig	22.02.15 - 02:30 22.02.15 - 19:36	18	0/8	0
Óveðursaðstoð	F2 Hættustig	19.01.15 - 11:06 19.01.15 - 15:38	18	0/12	0
Ófærð í eyjum	F3	11.01.15 - 14:51 11.01.15 - 16:32	18	0/10	0
Bíll fastur í Herjólfsdal	F3 Þjónustuverkefni	29.12.14 - 00:30 29.12.14 - 01:30	18	0/3	2
Bíll fastur í Herjólfsdal	F3 Þjónustuverkefni	28.12.14 - 00:45 29.12.14 - 01:05	18	0/3	2
Bíll fastur í Vestmannaeyjum	F3 Hættustig	20.12.14 - 18:42 20.12.14 - 18:58	18	0/2	1

Aðtoð/ófærð	F3 Óvissustig	15.12.14 - 22:40 16.12.14 - 01:20	18	0/3	0
Óveður sv 18	F2	08.12.14 - 23:02 08.12.14 - 23:58	18	0/13	0
Óveðursaðstoð Vestmannaeyjar	F3	30.11.14 - 12:00 30.11.14 - 23:53	18	0/21	0
Tilkynnt um neyðarblys norðanvestan við Heimaey	F2 Óvissustig	12.07.14 - 02:30 12.07.14 - 03:51	18	9/9	0
aðstoð á skipasandi	F3 Óvissustig	05.07.14 - 15:10 05.07.14 - 17:05	18	7/7	0
F2 Slys í fjalllendi Dalfjall	F2 Neyðarstig	12.06.14 - 18:44 12.06.14 - 23:33	18	11/11	1
Leit að konum í Fljótshlíð	F3	10.06.14 - 15:45 16.07.14 - 01:00	16	0/474	2
Eftirgrenslan eftir kæjakræðurum	F3 Óvissustig	07.06.14 - 16:02 07.06.14 - 17:16	18	5/5	4
Bíll fastur í fjörunni við Höfðavík	F3 Hættustig	31.05.14 - 11:55 31.05.14 - 15:00	18	11/11	1
Bíll fastur í fjöru Suður af flugvellinum	F2 Neyðarstig	25.05.14 - 19:01 25.05.14 - 19:31	18	10/10	0
Bilaður Bátur við Landeyjarhöfn	F1 Neyðarstig	25.04.14 - 17:23 25.04.14 - 19:51	18	28/28	2
Stýrislaus bátur við landeyjahöfn	F1 Neyðarstig	01.04.14 - 13:34 01.04.14 - 15:30	18	20/29	2

Óveðursaðstoð	F3 Neyðarstig	09.03.14 - 10:35 09.03.14 - 11:13	18	2/2	0
Fastur bíll við Haugasvæði	F3 Hættustig	08.03.14 - 22:00 08.03.14 - 23:32	18	3/3	3
Vélarvana bátur austan við Heimaey	F2 Neyðarstig	04.03.14 - 14:07 04.03.14 - 21:41	18	10/10	1

Útköll.

Farið var í 26 útköll á árinu sem aðallega eru tengd óveðri og ófærð. Við fórum nokkuð stór hópur í leit í Bleiksárglúfri, sem byrjaði á nokkrum virkum dögum en svo var farið nokkrar helgar í röð í verkefni í gljúfrinu. Þar fengum við mjög fjölbreytt verkefni frá því að leita fótgangandi gljúfrið við hliðina, sigum ofan í Bleiksárgljúfur frá nokkrum stöðum, leituðum fyrir ofan aðalleitarsvæðið og byggðum stíflu í sjálfu gljúfrinu. Og tókum þátt í því að koma dælum fyrir til að minnka vantsrennslið til að komast og skoða í fossinn sem þarna var.

Bílamál.

Rekstur Lunda1 (Econoline) var ekki mikill þetta starfsárið en þó voru nokkrar heimsóknir á verkstæði.

Rekstur Lunda 3 (Hiace) hefur verið með hefðbundnum hætti. Stiginn aftan á bílnum var lagfærður.

Rekstur Lunda 4 (Boxer) hefur verið með hefðbundnum hætti. Bremsurnar voru teknar í gegn framan og aftan og skipt um dempara allan hringinn, einnig var skipt um kúplingssett.

Rekstur Lunda 5 (Yale) hefur verið með hefðbundnum hætti. Lyftarinn hefur sannað gildi sitt mjög vel, fara þarf í smávægilegar lagfæringar á honum.

Göngurall.

Ekkert göngurall var haldið þetta árið.

Þjóðhátíð.

Félagið sá um flugeldasýningarnar þetta árið eins og undanfarin ár. Sýningarnar heppnuðust mjög vel þetta árið en við notuðum í fyrsta skiptið nýtt skotborð sem keypt var í byrjun seinasta árs. Þetta skotborð einfaldar alla vinnu á skotstað og er von okkar sú að í náinni framtíð getum við keypt fleiri modula fyrir borðið. Laugardagssýningin var styrkt af Vodafone þetta árið og var sýningi því óvenju rauð.

Gjafir og áheit.

Nokkuð var um gjafir og styrki þetta árið.

Ísfélag Vestmannaeyja styrkti okkur rausnarlega þetta árið eins og svo oft áður. Sjómannafélagið Jötunn styrkti okkur um 800þúsund krónur í tilefni 80 ára afmæli Jötuns, Þórður Rafn Sigurðsson og Inga Eymundsdóttir gáfu okkur lítið notaðan slöngubát með mótor einig hefur Skipalyftan styrkt okkur rausnarlega eins og undanfarin ár, hljóti þau bestu þakkir fyrir.

Neyðarvörusala.

Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Þessi sala er eitt af aðalverkefnum starfsmanns félagsins sem er Reynir og hefur hann sinnt þessu af kostgæfni. Salan hefur gengið þokkalega en eins og með alla sölumennsku þurfa menn að vera á tánum.

Aðrar fjáraflanir.

Það má með sanni segja að við erum frekar heppið félag og þurfum ekki endalaust að vera að standa í einhverjum smávægilegum fjáröflunum, heldur erum við með nokkrar fjáraflanir á ári sem eru að gefa frekar vel af sér.

Önnur minni verk voru til dæmis brenna á goslokunum við Sorpu, aðstoða 112 í klifinu og fleiri minni verkefni.

Flugeldamál.

Flugeldasalan gekk nokkuð vel, við vorum að horfa á þó nokkrar hækkanir á innkaupsverði flugelda við reyndum þó að stilla hækkunum á útsöluverði á flugeldum í hóf. Við vorum með einn sölustað og var uppsetning hans með nokkuð hefðbundnum hætti, en keypt var nýtt söluborð enda var gamla borðið sett upp til bráðabryggða á sínum tíma. Mæting var mjög góð í söluna, en uppsettningin á búðinni er alltaf á sömu höndunum fárra manna og er það eitthvað sem má bæta. Eins og með allar fjáraflanir þá byggjast þær á félagsfólki og góðu skipulagi, þar er félagið vel sett. En mest voru 40 manns í búðinni að afgreiða.

Neyðarkall.

Salan gekk mjög vel í ár og kláruðust neyðarkallarnir þrátt fyrir að við höfðum verið með 100% aukningu á littlu köllunum og einhver aukning var einnig á stóru köllunum. Þátttaka félagsmanna í sölunni var góð. Skiptist ágóðinn í ár á milli félagsins og bátasjóðsins og það er eitthvað sem má kynna betur fyrir næstu sölu.

Faxastígur

Stikklað á stóru varðandi framkvæmdir í húsinu hjá okkur.

Það var búið að liggja fyrir í þó nokkurn tíma að það yrði að fara í viðhaldsframkvæmdir á húsinu hjá okkur. Áður en það var ákveðið að taka núverandi húsnæði í gegn voru skoðaðir nokkrir aðrir möguleikar, þar á meðal að byggja, kaupa annað húsnæði og byggja við núverandi húsnæði. Niðurstaðan var að fara í framkvæmdir á núverandi húsnæði.

Það sem var haft að leiðarljósi var að fá betri nýtingu ásamt því að stækka húsnæðið og gera húsnæðið notendavænna, og var mikill tími settur í að skoða, teikna, breita teikningum, reikna, og breita meira. Síðan á framkvæmdastigi var breitt enn frekar og skýrist það að þeim möguleikum sem voru í boði, möguleikar sem við gerðum ekki ráð fyrir nema með miklum tilkostnaði en voru framkvæmanlegir með litlum kostnaði.

Þegar farið var að stað með framkvæmdina breittust forsendur mjög fljótlega, skátafélagið tók þá ákvörðun að vera ekki með í fyrirhuguðum stækkunum, en það var gert ráð fyrir að húsfélagið væri með í notkun á efri hæðum á austur og vesturhúsi. Þegar það kom í ljós var tekinn ákvörum að við myndum byggja þetta fyrir okkur og á okkar kostnað og skátafélagið sátt með þá ákvörðun. Eina sem þessi ákvörðum setur í uppnám er hvernig menn leysa þau mál sem breitast með þessu, td salernismál, ræstigeymslu, geymslu fyrir húsbúnað og fylgihluti eldhúss, enn þessi mál eru ókláruð.

Helstu breitingar.

Þegar tekinn var ákvörðun um að byggja við þá voru nokkur markmið.

Ný flugeldageymsla, nýr inngangur og hringstigan í burt, stækka stjórnstöð, „stakkageimslu“ geta verið með sölulager á flugeldum á einum stað, vera með húsið þannig uppsett að ekki þyrfti að breita miklu þó mismunandi starfsemi væri í gangi,(flugeldasala, námskeið, o.s.f). þá stærri búnaðargeymslu, meira skápapláss fyrir einstaklingsbúnað, einnig var það haft að leiðarljósi að vera nísk á alla fermetra og velta öllum möguleikum þannig að nýting og kostnaður væri annarsvega í hámarki og hins vegar í lámarki.

Teljum að flest af þessum markmiðum hafi gengið eftir, af stórum parti eða öllum.

Ekki getum við látið þess líða að minnast á þátt Páls Zópaníssonar , sem gerði mikið í að láta þessi mál hjá okkur ganga, og þegar sumt var ekki að ganga þá kom hann með lausnir sem virkuðu.

Hvernig hefur tekist til.

Vesturhúsið var stækkað til muna miðað við sem var farið af stað með og erum við að fá mun betri nýtingu á allri þessari viðbygginu en okkur óraði fyrir, enn þar er kominn stækkun á bílageymslu, mun stærri flugeldageymsla, vörulyfta, 20 fermetra stækkun á stjórnstöð, og töluvert rými sem er lager á áramótum og geymsla fyrir flugeldasölubúnað á milli ára.

Austurhúsið var byggt þrátt fyrir breittar forsendur og á neðri hæð er nýr inngangur, stakkageymsla, stigi á milli hæða, og á efri hæð er ekki er búið að ákveða hvaða notkun verður á þessu rými annað en inngangur. Einnig var þetta rými stækkað og voru sömu forsendur að baki og í vesturhúsi.

Í sjálfu húsinnu hefu þó nokkru verið breitt og er það helst að stækkun á búnaðargeymslu, aukning á skápaaðstöðu um 30 %, tilfærsla og uppsettning á nýju eldhúsi á neðri hæð, breyting á salernisaðstöðu á neðri hæð. Breyting á stjórnstöð, og þar er umtalsverð stækkun.

Síðan hefur verið skipt um alla glugga og hurðir og vonast er til að innan skams tíma verði klárað að klæða húsið og ganga frá þaki.

Það sem á eftir að framkvæma er að setja upp loftræstingu (sem er til) og einnig hefur verið tekið ákvörðun um að setja í húsið rafstöð sem á að anna okkar notkun ef þess gerist þörf.

Þegar var farið í þessa framkvæmd var sett fram áætlun á kostnaði, þegar á leið sáum við að þessi kostnaður kæmi til með að vera meiri en fyrstu áætlanir gáfu til kynna, var þá farið í viðræður við vestmannaeyjabæ um aðkomu bæjarins að þessu verkefni og gengu þær viðræður vel og kemur bærinn til með að leggja til nokkuð fjármagn á næstu árum og teljum við að það komi til með að laga þann mismun að þó nokkur leiti.

Húsaleiga

Frumherji Bifreiðaskoðun hefur verið með bílskúrinn á leigu eins og undanfarin ár. Höfum við átt ákaflega gott samstarf við Frumherja og vonum að það haldi svo áfram.

Stjórnstöðin

Endurnýjaðar voru allar tölvur í húsinu. Tveir fóru á fagnámsskeið í fjarskiptum og einn fór á fagnámsskeið í Aðgerðarstjórnun. Þá fóru tveir félagar á Námsstefnu í aðgerðarstjórn sem haldin var á Hólum í Hjaltadal.

Sjóbúðin

Rekstur sjóbúðarinnar hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár, eins og venjulega hefur umgengni ekki verið okkur til framdráttar. Minniháttar tjón varð á hurð en það mál er í ferli

Heimasíða 1918.is

Heimasíðan okkar hefur gengið í gegnum endurnýjun og ný síða litið dagsins ljós, inná hana er komið gríðar mikið magn ljósmynda og ýmissa upplýsinga.

Facebook síða félagsins hefur verið mikið notuð til að koma upplýsingum til félagsmanna. Einning hefur verið like síða björgunarfélagsins á facebook og hefur fengið góðar móttökur en þar hefur verið lagt framm mikið af upplýsingum um starf félagsins.

Eiga Ármann Ragnar og Daníel Þór heiðurinn af heimasíðunni.

Miðvikudagskaffi.

Á hverjum miðvikudagsmorgni klukkan hálf tíu mæta 3-16 meðlimir í kaffi og meðlæti í björgunarmiðstöðinni. Þar er lífsgátan leyst og skipst á kjaftasögum. Ef að þú hefur ekki enn mætt þá máttu vita að þú ert velkomin/n.

Bátamál.

Rekstur og viðhald þórs hefur verið í minni kantinum þetta ár, enda stutt síðan hann fór í stóra viðgerð. Ekki hefur verið mikið um hreyfingar þetta árið.

Búnaðarmál.

Keyptar voru nýjar fjallabjörgunar börur og hjól undir börur, en ISAVIA styrkti okkur að einhverju leiti fyrir það. Einnig voru keytar töskur undir súrefni og eitthvað af smáhlutum fyrir fjallabjörgunina var einnig endurnýjað. Keyptar voru tvær nýjar tetrastöðvar og hleðsludokkur fyrir allar stöðvarnar.

Einnig voru keypt headsett fyrir tetrastöðvarnar sem eru til sölu hjá Reyni á 1000 kr og hvetjum við alla félagsmenn til að vera með stöðvarnar í eyrunum.

SKÝRSLA MINNINGARSJÓÐSINS.

FYRIR ÁRIÐ 2014-2015

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári. Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Sigurgeirsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir.

Lög og reglur minningarsjóðsins eru á heimasíðu félagsins 1918.is

Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort. Símanúmerin er að finna í Eyjasímaskránni sem og á heimasíðu félagsins.

Stjórn minningarsjóðsins.

Sigríður Gísladóttir

Guðný Jensdóttir

Guðný Óskarsdóttir

Nýliðastarf veturinn 2014-2015

Nýliðastarfið hófst með sex einstaklingum innanborðs sem voru að halda áfram á sínu öðru starfsári sem nýliðar. Tveir einstaklingar byrjuðu svo í nýliðunum, þar af komu tveir upp úr unglingadeildinni. Nú eru starfandi sex einstaklingar og þar af fjórar stelpur sem gefa strákunum ekkert eftir.

Haldið var eitt námskeið á árinu sem var óveður og verðmætabjörgun, en halda átti fleirri námskeið en var þeim frestað vegna lélegrar þáttöku. Flest þessara einstaklinga eru búnir með grunnnámskeið sem ætlast er til að þau séu búinn með. Nyliðarnir hafa verið mjög áhugasamir og duglegir og tekið virkan þátt í starfi félagsins svo sem neyðarkallasölu, framkvæmdum á húsi, söfnun lífsýna og flugeldasölu.

Við vonum að nýliðarnir hafi verið jafn ánægðir með veturinn eins og við. En við erum mjög ánægðir með þau og hafa þau staðið sig með prýði og hlakkar okkur til að starfa meira með þeim innan félagsins á komandi árum.

Umsjónarmenn nýliðaþjálfunar

Sindri Valtýsson, Reynir Valtýsson, Bjarki Ingason og Sigdór Yngvi Kristinsson



Unglingadeildarstarf veturinn 2014-2015

Með haustinu hófst nýtt ár hjá Unglingadeildinni eins og undanfarin ár, við hófum þetta starf ég og Íris Eir enn varð hún að stíga frá vegna flutninga erlendis núna í Janúar og tók Sigdór Yngvi við af henni. Undirrituð var einnig vant við látin vegna loðnuvertíðar í mars og stigu þá Reynir Valtýrsson og Bjarki Ingason inn og stóðu sig með prýði og hafa þeir verið að aðstoða okkur mikið núna í vetur. Arnór Arnórsson hefur verið okkar stoð og stytta bakvið tjöldin, enn þar sem hann er í “barneignafríi” núna og hefur ekki verið mikið með. Við óskum honum að sjálfsögðu til hamingju með frumburðinn. Árgangur ’98 færði sig upp í nýliðana og við fengum til okkar krakka fædda '99 og '00. Hópurinn tók litlum breytingum frá árinu áður enn hófu um 14 unglingar starfið að nýju og komu 4 nýjir inn í hópinn. Nú er hópurinn farinn að tvístrast aðeins enn við höldum kjarnanum sem eru ca 8-10 krakkar sem mæta á hvern fund. Fyrir jólin var ekki mikið gert úti vegna verðurs, enn nýttum þá tíman í að kenna grunn í fyrstu hjálp og gerðum margar æfingar út frá því.

Við vorum það lánsöm í haust að Bjartur Týr kom til okkar og kenndi krökkunum á grunninn í fjallabjörgun og þökkum við honum kærlega fyrir þessa frábæru kennslu. Planið er að fara á landsmót í Grindavík í sumar og er mikil tilhlökkun hjá okkur öllum, sérstaklega þeim sem fóru á landshluta mótið á Flúðum, sem var mun minni og meira svona kósý útilega, enn er landsmótið mun stærra og stendur það yfir frá miðvikudagskvöldi til sunnudagsmorgun.

Við eigum inni spennandi verkefni framundan þar sem verðið fer vonandi að lagast og við komumst með krakkana út á sjó og væntum þess að geta kallað í félaga sem geta aðstoðað við að kynna fyrir þeim bátinn og fjalla um sjóbjörgun. Þau hafa einnig fengið smjörþefinn af fjallabjörgun og sigi og munum við gera mun meira af því þegar vorar betur.

Guðrún María Bjarkadóttir

Sigdór Yngvi Kristinsson

Arnór Arnórsson

Íris Eir Jónsdóttir

Reynir Valtýrsson

Bjarki Ingason

Úr skipsbók Þórs

27.3.14

Farið með lóðs útí Brúarfoss.

27.3.14

Lóðs sóttur í Brúarfoss.

28.3.14

Farið með lóðs útí Arnarfell.

28.3.14

Farið með lóðs útí Hestia.

1.4.14

Útkall, Bátur með bilað stýri við landeyjarhöfn.

13.4.14

Þjónustutúr útí Núp BA, suður á sneið með smurolíu.

16.4.14

Þjónustutúr í landeyjahöfn, fangaflutningar fyrir lögreglu.

26.4.14

Æfingatúr útí Elliðaey og vestur fyrir Heimaey.

26.4.14

Þjónustutúr með farþega í útsýnisferð.

23.5.14

Siglt til Grindavíkur á landsæfingu.

24.5.14

Tekið þátt í landsæfingu á sjó við Grindavík.

26.5.14

Báturinn sóttur í Þorlákshöfn eftir landsæfingu.

10.6.14

Þjónustutúr, kvikmyndaverkefni.

11.6.14

Þjónustutúr, kvikmyndaverkefni.

12.6.14

Landeyjarhafnartúr.

25.6.14

Siglt útí Elliðaey.

25.6.14

Landeyjarhafnartúr að ná í 4 menn frá BV.

13.9.14

Útsýnistúr með mannskap frá hjálparsveit skáta garðabæ.

1.4.15

Þjónustutúr, Farið með sjómann um borð í Vigra Re.

15.4.15

Siglt með mannskap frá BV í landeyjahöfn á námskeið.

Eitthvað af myndunum í Ársskýrlunni eru fengnar hjá Þorsteini Jónssyni félaga í Björgunarsveitinni Dagrenning Hvolsvelli.